

## Íslenskunámskeið fyrir erlenda döff – lokaskýrsla

Í undirbúningi námskeiðsins var sett sem markmið að nemendur myndu

- öðlist grunnfærni í lestri og ritun íslenskrar tungu
- geti greint aðalatriði í dagblöðum og vefmiðlum þegar um kunnugleg efni er að ræða
- geti bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi
- auki færni sína til þátttöku í íslensku samfélagi

Einnig var gengið út frá því við undirbúning að hægt væri að byggja grunn þátttakenda vegna íslenskuprófs fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt en þar er kveðið á um að í prófunum skuli reynt á tal, hlustunarskilning, ritun og lesskilning. Þar sem þátttakendurnir eru heyrnarlausir er ljóst að þau munu ekki geta þreytt hlustunar og tal þætti prófsins og því var lögð áhersla á lesskilning og skrift í námskeiðinu.

Þegar námskeiðið fór í gang kom í ljós að grunnur þátttakenda var mjög ólíkur í íslensku enda mjög misjafnt hversu lengi þau höfðu dvalið hér á landi. Af þeim sökum varð kennsla frekar einstaklingsbundin þar sem þátttakendum var mætt á þeim grunni sem þau stóðu og byggt ofan á hann. Þar af leiðir var misjafn hversu mörg af upprunalegu markmiðunum náðust en allir eiga þátttakendurnir sameiginlegt að áhugi þeirra á málinu kviknaði sem og löngun á því að læra meira. Einnig jókst skilningur þeirra á íslensku samfélagi töluvert þar sem miklar umræður sköpuðust oft og mátti af þeim ráða að þekking þátttakenda á samfélaginu var ekki mikil þrátt fyrir að sumir hefðu búið hér í fjölda ára.

Kennsluformið var í upphafi þannig að í tímum væri farið yfir námsefni og þátttakendur nýttu sér þá þekkingu við vinnslu heimaverkefna, en þegar til kom var ljóst að óskir þeirra voru á þá leið að kennslan yrði að fara að mestu leiti fram í tímunum og minni áhersla var lögð á heimaverkefnin. Nemendur óskuðu flestir eftir því að auka orðaforða sinn auk þess sem þeir lengra komnu vildu auka skilning sinn á málfræði og málnotkun.

Þátttakendur lýstu allir yfir mikilli ánægju með að geta sótt námskeið sem kennt væri á táknmáli, reynsla þeirra af túlkunum námskeiðum skilaði var sú að þau höfðu ekki getað tileinkað sér allt námsefni á þeim námskeiðum. Þeirra upplifun af því að geta rætt beint við kennara var mjög jákvæð.

Ætlunin hafði verið að eftir þetta námskeið væri hægt að útbúa heildstætt grunnnámskeið í íslensku ásamt dvd disk, en í stað þess varð til fjölbreytt námsefni sem hægt er að nýta fyrir fólk á ólíkum stigum auk þeirrar dýrmætu reynslu sem til varð meðal þeirra starfsmanna sem unnu að þessu verkefni.

## **Icelandic for Deaf foreigners – final report**

When preparing for this course the following aims were made for the students, they should:

- get basic skills in reading and writing Icelandic
- be able to single out main issues in newspapers and web media when reading familiar material
- be able to get by in normal situation in school, work and private life
- increase their skills to participate in Icelandic society

During preparation it was also an aim to prepare the participants for the Icelandic examination following the application for an Icelandic citizenship, in which people should speak, listen, write and read. Since these participants are Deaf it is obvious that they will be able to do neither the listening nor the speaking part of the exam which leads to more emphasis on reading and writing during our course.

When the course started it became obvious that the participants' basis in Icelandic varied a lot due to the fact that they had been in the country for a very different length of time. To accommodate that difference the teaching became rather individualized when the participants were met wherever they stood and built on their knowledge. This led to the fact that the meeting of the original goals did not happen for all, but all the participants gained interest in the Icelandic language and also developed a longing to study more. Their understanding of the Icelandic community increased also a lot since much discussions came frequently up which showed that there was not a lot of knowledge about the community even though some of the participants had lived here for quite a number of years.

The process of the lessons was at the beginning in that way that a subject was covered and the participants used their knowledge in writing home assignments, but as the course started their wishes became obvious as in doing most of the work in class rather than writing homework. Most of the participants wanted to increase their vocabulary plus the more advanced ones wanted to increase their understanding of grammar and usage of the language.

The participants did all express great pleasure in attending a course taught in Sign language, since their experience of courses interpreted to Sign language was that they had not been able to learn everything as they would have wanted in those courses. Their experience of being in direct contact with the teacher was very positive.

When the course was over the intention had been to make a basic course in Icelandic along with a DVD, but instead we made a varied material which is possible to use for people at different stages plus the invaluable experience the staff gained during this project.